



514. Stjórnarfundur haldinn 6. desember 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Ingibergsson (BI) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Ingva Hákonarsyni formanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur. Óskað er eftir skammtímaláni frá aðalstjórn. Nokkrar umræður um málið og stöðu körfunnar. **Samþykkt að verða við beiðni körfuknattleiksdeildar. Framkvæmdastjóra falið að útbúa lánasamning.**

Tölvupóstur frá Raket Ósk Eiríksdóttur stjórnarmanni í fimleikadeildar Keflavíkur en hún segir sig úr stjórn fimleikadeildar Keflavíkur. **Móttekið.**

Skinfaxi. **Mótekinn.**

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á fimleika-, knattspyrnu-, körfuknattleiks-, badminton-, og taekwondodeild Keflavíkur þar sem ítrekað er að skila inn tilnefningu á íþróttakarli og -konu deilda ásamt Íslandsmeisturum.

Tölvupóstur sendur á deildir Keflavíkur þar sem óskað er eftir skil á iðkendfjölda vegna þjálfarastyrks Reykjanesbæjar 2019.

4. Jólblað Keflavíkur

Jólblaðið er komið í hús og er 40 síður. Opnuviðtalið er við Gunnar Magnús Jónsson. Blaðinu verður dreift í Keflavík póstnúmeri 230 og Njarðvík póstnúmeri 260. 3. flokkur karla í knattspyrnu hefur tekið að sér útburðinn. Aðalstjórn er ánægð með jólblaðið.

5. Íþróttakarlar og kona Keflavíkur 2018

EH sagði frá því að skil á tilnefningum á íþróttakarli og -konu Keflavíkur væru ekki nógu góð. Aðeins þrjár deildir hafa skilað inn tilnefningum. Þar sem tilnefningar lágu ekki fyrir fundinum verður boðað til auka stjórnarfundar til að velja íþróttakarlar og konu Keflavíkur 2018.

6. Önnur mál

EH átti óformlegan fund með Friðjóni Einarssyni bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar vegna frágangs á þinglýsingu á eigninni Hringbraut 108 yfir á Keflavík íþróttar- og ungmennafélag. Verkefnið hefur tekið ótrúlega langan tíma í meðförum embættismanna.

Fimleikasýning fimleikadeildar Keflavíkur. **Framkvæmdastjóra falið að kaupa 8 miða fyrir stjórnarmenn.** Þorablót Keflavíkur

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fundi slitið kl. 19:15 Fundinn ritaði BS.

